

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 140/2003

frá 7. nóvember 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/100/EB frá 13. febrúar 2003 um lágmarkskröfur fyrir kynbótaáætlanir með tilliti til þols gegn smitandi heilahörnun í sauðfé ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/181/EB frá 13. mars 2003 um breytingu á ákvörðun 2002/657/EB með tilliti til þess að ákvarða lágmarkskröfur um nothæfi (MRPL) að því er varðar tilteknar efnaleifar í matvælum úr dýraríkinu ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 650/2003 frá 10. apríl 2003 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar innflutning á lifandi sauðfé og geitum ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi gildir hvorki á Íslandi né í Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„- **32003 R 0650:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 650/2003 frá 10. apríl 2003 (Stjtið. ESB L 95, 11.4.2003, bls. 15).“
2. Eftirfarandi bætist við í 19. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB) í hluta 7.2:

„, eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 71, 15.3.2003, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 95, 11.4.2003, bls. 15.

- **32003 D 0181:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/181/EB frá 13. mars 2003 (Stjtið. ESB L 71, 15.3.2003, bls. 17).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 19. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB) í hluta 7.2:
- „20. **32003 D 0100:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/100/EB frá 13. febrúar 2003 um lágmarkskröfur fyrir kynbótaáætlanir með tilliti til þols gegn smitandi heilahrörnun í sauðfé (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 41).“

2. gr.

Norskur texti ákvarðana 2003/100/EB og 2003/181/EB og reglugerðar (EB) nr. 650/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.